

Trúnaðarmál

Aðalsjóður Reykjavíkurborgar

ÁRSREIKNINGUR
2014



Reykjavíkurborg
kt. 530269-7609
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Aðalsjóður Reykjavíkurborgar

ÁRSREIKNINGUR 2014

EFNISYFIRLIT

	bls.
Skýrsla og áritun borgarstjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-15

Skýrsla og áritun borgarstjóra

Ársreikningur Aðalsjóðs Reykjavíkurborgar er gerður í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Rekstrarniðurstaða ársins 2014 var neikvæð um rúmlega 7.123 mkr. Eignir námu í árslok 75.625 mkr. skv. efnahagsreikningi og var eigið fé jákvætt um 51.735 mkr. Að öðru leyti er vísað í ársreikninginn um jöfnun taps.

Á árinu voru að meðaltali 6.559 starfsmenn hjá Aðalsjóði. Launagreiðslur ásamt launatengdum gjöldum, en án breytinga á lífeyrisskuldbindingu, námu 43.192 mkr.

Borgarstjóri staðfestir hér með ársreikning Aðalsjóðs Reykjavíkurborgar fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, maí 2015.

Dagur B Eggertsson
borgarstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til borgarstjórnar Reykjavíkur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Aðalsjóðs Reykjavíkurborgar fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggi framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum síðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Aðalsjóðs Reykjavíkurborgar á árinu 2014, efnahag hans 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, maí 2015.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2014

	Skýr	Ársreikningur 2014	Fjárhagsáætlun 2014	Ársreikningur 2013
REKSTRARTEKJUR	2,15			
Skatttekjur		66.168.897	65.750.104	62.233.345
Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga		5.368.182	5.438.000	5.296.465
Aðrar tekjur		14.004.455	13.309.135	13.755.907
Rekstrartekjur samtals		85.541.534	84.497.239	81.285.716
REKSTRARGJÖLD	3			
Laun og launatengd gjöld	16	43.191.644	42.232.905	39.082.509
Hækkun líffeyrisskuldbindinga	16	3.296.995	2.299.447	159.008
Annar rekstrarkostnaður	17	50.197.224	49.687.821	47.618.525
Rekstrargjöld samtals		96.685.863	94.220.173	86.860.042
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .		(11.144.329)	(9.722.933)	(5.574.326)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	2,4,18	4.021.141	4.549.755	5.638.021
Rekstrarniðurstaða	22	(7.123.188)	(5.173.178)	63.695

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

	Skýr	Ársreikningur 2014	Ársreikningur 2013
EIGNIR			
FASTAFJÁRMUNIR			
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í félögum	5,19	8.399.355	8.721.637
Langtímakröfur, víkjandi skuldabréf	6,7,21	12.574.986	12.446.548
Langtímakröfur	6,7,21	35.618.870	40.394.456
Fastafjármunir samtals		56.593.211	61.562.641
 VELTUFJÁRMUNIR			
Skammtímakröfur:			
Óinnheimtar tekjur	20	6.418.106	6.708.817
Næsta árs afborganir langtímakrafna	6,21	2.776.207	3.022.309
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki		158.683	85.879
Aðrar skammtímakröfur	20	1.685.750	1.843.986
Handbært fé	9	7.993.077	9.561.204
Veltufjármunir samtals		19.031.823	21.222.194
 EIGNIR SAMTALS		 75.625.034	 82.784.836

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

	Skýr	Ársreikningur 2014	Ársreikningur 2013
SKULDIR OG EIGÐ FÉ			
EIGÐ FÉ			
Eiginfjárreikningur	22	51.734.535	58.857.724
Eigið fé samtals		51.734.535	58.857.724
SKULDBINDINGAR			
Lífeyrisskuldbinding	11,23,24	13.230.500	11.637.428
Skuldbindingar samtals		13.230.500	11.637.428
SKAMMTÍMASKULDIR			
Viðskiptaskuldir		1.898.982	1.642.590
Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindingar	23	1.621.000	1.474.000
Skuldir við eigin fyrirtæki		1.254.478	3.903.943
Aðrar skammtímaskuldir		5.885.538	5.269.151
Skammtímaskuldir samtals		10.659.999	12.289.684
Skuldir og skuldbindingar samtals		23.890.499	23.927.112
SKULDIR OG EIGÐ FÉ SAMTALS		75.625.034	82.784.836
<i>Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings</i>	12,25,26	177.746.996	189.877.478

Yfirlit yfir sjóðstreymi ársins 2014

	Skýr	Ársreikningur 2014	Fjárhagsáætlun 2014	Ársreikningur 2013
REKSTRARHREYFINGAR				
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	22	(7.123.188)	(5.173.178)	63.695
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Söluhagnaður eigna		(2.675)	0	0
Verðbætur og gengismunur langtímakrafna	4,6	(561.267)	(995.045)	(2.037.166)
Breyting lífeyrisskuldbindinga	23	3.296.995	2.299.447	159.008
Niðurfærsla langtímakrafna		4.900	0	9.200
Veltufé frá rekstri		(4.385.235)	(3.868.776)	(1.805.263)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Óinnheimtar tekjur (hækkun), lækkun		290.712	0	(290.132)
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun), lækkun		158.236	0	(200.934)
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun		872.780	0	495.849
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	23	(1.556.923)	(1.550.000)	(1.408.680)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(235.197)	(1.550.000)	(1.403.897)
Handbært fé frá rekstri		(4.620.432)	(5.418.776)	(3.209.160)
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR				
Eignarhlutar í félögum, breyting		324.957	(289.000)	(424.685)
Verðbréf, veitt víkjandi lán		0	0	(3.741.560)
Verðbréf, breyting		5.449.617	5.547.235	1.919.494
Fjárfestingarhreyfingar		5.774.575	5.258.235	(2.246.751)
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR				
Eigin fyrirtæki, breyting		(2.722.269)	8.169	3.450.010
Fjármögnunarhreyfingar		(2.722.269)	8.169	3.450.010
HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ		(1.568.127)	(152.372)	(2.005.901)
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN		9.561.204	7.134.850	11.567.105
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK		7.993.077	6.982.478	9.561.204

Skýringar

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Aðalsjóðs Reykjavíkurborgar er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn felur í sér reikningsskil yfirstjórnar borgarinnar og málaflokka hennar árið 2014.

Reikningsskilaaðferðir

Innlausn tekna

2. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvar að frádrögnum framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, fasteignaskattar og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru almennt færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Sama á við um styrki.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Lotun gjalda

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Verðlags- og gengisviðmið

4. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok ársins. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Eignarhlutir í félögum

5. Í ársreikningi Aðalsjóðs eru eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum færðir á kostnaðarverði, en bókfært verð eignarhluta í árslok 2001 er þó óbreytt í ársreikningnum. Í ársreikningi Aðalsjóðs er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfun skatttekna og er því ekki færð hlutdeild í afkomu félaga. Framlög borgarinnar til byggðasamlaga teljast hluti kostnaðar viðeigandi málaflokks.

Langtímakröfur

6. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör að teknu tilliti til niðurfærslu, sbr. skýringu 7. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

Niðurfærslur krafna

7. Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu er færð í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.

Skammtímakröfur

8. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. skýringu 7 um niðurfærslu krafna.

Handbært fé

9. Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

Eignir utan efnahagsreiknings

10. Lönd og lóðir í eigu Aðalsjóðs eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skuldbindingar

11. Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna borgarinnar er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er færð í rekstrarreikningi, sbr. skýringu 23.

Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings

12. Leigusamningar, þar sem meginhluti ávinnings eða áhættu er ekki á ábyrgð Aðalsjóðs, eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar. Þess konar samningar geta verið um einkaframkvæmd eða fjármögnunarleigu. Árleg leigufjárhæð vegna slíkra samninga er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Fjárhagsáætlun

13. Fjárhagsáætlun með viðaukum fyrir árið 2014 er hluti ársreikningsins og er birt í ársreikningnum.

Yfirlit um sjóðstreymi

14. Í fjárfestingarhreyfingum í yfirliti um sjóðstreymi er færð sú fjárfesting borgarinnar, sem hefur áhrif á handbært fé. Að auki er tilgreind sú fjárfesting, sem ráðist er í og fjármögnuð er með viðskiptaskuld eða lánessamningi.

Skýringar, frh.

Rekstrartekjur

15. Rekstrartekjur greinast þannig:

	Ársreikningur 2014	Fjárhagsáætlun 2014
Skatttekjur:		
<i>Útsvar:</i>		
Staðgreiðsla	57.836.761	57.306.122
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgreiðslu	(3.067.101)	(3.195.282)
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgreiðslu v málefna fatlaðra	(3.943.415)	(3.757.166)
	<u>50.826.244</u>	<u>50.353.674</u>
Eftirá álagt útsvar	2.334.031	1.461.000
Skattbreytingar	(485.043)	0
Afskrifaðar skatttekjur	(570.684)	0
Breyting á niðurfærslu	200.000	0
	<u>52.304.548</u>	<u>51.814.674</u>
<i>Fasteignaskattar:</i>		
Fasteignaskattur	12.833.259	12.783.000
Lóðarleiga	1.135.918	1.152.430
Afskrifaðir fasteignaskattar	(104.827)	0
	<u>13.864.350</u>	<u>13.935.430</u>
Skatttekjur samtals	<u>66.168.897</u>	<u>65.750.104</u>
<i>Framlög Jöfnunarsjóðs:</i>		
Framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda	3.965.472	4.014.000
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, önnur framlög	1.402.710	1.424.000
	<u>5.368.182</u>	<u>5.438.000</u>
<i>Aðrar tekjur:</i>		
Þjónustutekjur	6.976.262	6.875.324
Eignatekjur	503.681	440.783
Endurgreiðslur annarra	4.240.352	4.116.385
Aðrar tekjur	2.284.160	1.876.643
	<u>14.004.455</u>	<u>13.309.135</u>
Rekstrartekjur samtals	<u>85.541.534</u>	<u>84.497.239</u>

Laun og launatengd gjöld

16. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	34.586.326	34.195.526
Launatengd gjöld	8.344.865	7.997.379
	<u>42.931.191</u>	<u>42.192.905</u>
Breyting áfallins orlofs	227.655	40.000
Kostnaðarhlutdeild annarra	32.798	0
	<u>43.191.644</u>	<u>42.232.905</u>
Breyting lífeyrisskuldbindingar	3.296.995	2.299.447
	<u>46.488.639</u>	<u>44.532.352</u>
Stöðugildi að meðaltali	6.559	

Laun og launatengd gjöld vegna borgarráðs og borgarstjórnar námu 143.802 þús.kr. á árinu 2014.

Skýringar, frh.

Annar rekstrarkostnaður

	Ársreikningur 2014	Fjárhagsáætlun 2014
17. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Vöru- og þjónustukaup	30.528.823	30.175.227
Skattar og önnur opinber gjöld	33.877	25.157
Styrkir, framlög og annar kostnaður	19.634.524	19.487.436
	<u>50.197.224</u>	<u>49.687.821</u>

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

18. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Vaxtatekjur og verðbætur	3.243.362	3.640.050
Fjármagnstekjuskattur	(266.515)	(57.079)
Vaxtagjöld og verðbætur	(4.098)	0
Gengismunur	(4.212)	0
	<u>2.968.538</u>	<u>3.582.971</u>
Arður af eignarhlutum	370.250	195.000
Söluhagnaður verðbréfa	2.675	0
Ábyrgðargjald	679.678	771.784
	<u>4.021.141</u>	<u>4.549.755</u>

Eignarhlutir í félögum

19. Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Aflvaki hf	54,5%	4.363
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.	46,0%	555.370
Eignarhaldsfélagið Spölur hf.		300
Faxaflóahafnir sf		59.111
Félagsbústaðir hf.	100,0%	2.535.000
Hagstofa (hluti í þjóðskrá)		4
Internet á Íslandi hf.	0,2%	33
Íþróttá- og sýningahöllin hf.	50,0%	50.000
Jörundur ehf.	100,0%	231.820
Landskerfi bókasafna hf.	20,6%	29.524
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	17,5%	1.547.831
Malbikunarstöðin Höfði hf.	99,0%	190.575
Minjavernd hf.	38,3%	107.839
Neyðarlínan hf.	12,5%	2.000
Skallagrímur hf.		3
Þríhnúkar ehf	16,13%	10.000
Skipulagssjóður Reykjavíkurborgar	100,0%	1.035.846
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	60,8%	1.027.526
Sorpa bs.	66,7%	486.019
Strætó bs.	60,3%	514.504
Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf.	5,4%	11.688
		<u>8.399.355</u>

Skýringar, frh.

Niðurfærsla krafna

20. Niðurfærsla skammtímakrafna og verðbréfa greinist þannig:

Niðurfærsla annarra krafna en skatttekna í ársbyrjun	189.947
Tapaðar kröfur á árinu	(64.977)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu	42.230
Niðurfærsla í lok ársins	<u>167.200</u>

Eftirstöðvar skatttekna án dráttarvaxta og niðurfærslu námu í árslok samtals 11.124 mkr. Niðurfærsla skatttekna ásamt afskrift skatttekna á árinu, samtals að fjárhæð 476 mkr., er færð til lækkunar á skatttekjum. Niðurfærsla skatttekna nam í lok árs samtals 6.118 mkr.

Langtímakröfur

21. Langtímakröfur greinast þannig:

Kröfur á borgarfyrtæki	37.806.840
Kröfur á borgarfyrtæki, víkjandi skuldabréf	12.574.986
Kröfur á aðra	632.936
	<u>51.014.763</u>
Niðurfærsla ýmissa skuldabréfa	(44.700)
	<u>50.970.063</u>
Næsta árs afborgun langtímakrafna	(2.776.207)
	<u>48.193.856</u>

Afborganir af langtímakröfum greinast þannig á næstu ár:

Árið 2015	2.776.207
Árið 2016	2.756.601
Árið 2017	3.378.032
Árið 2018	3.646.720
Árið 2019	3.929.589
Síðar	34.527.614
Langtímakröfur samtals	<u>51.014.763</u>

Eigið fé

22. Yfirlit um eiginfjárreikning:

Eigið fé 1.1.2014	58.857.724
Rekstrarmiðurstaða ársins	(7.123.188)
Eigið fé 31.12.2014	<u>51.734.535</u>

Skýringar, frh.

Lífeyrisskuldbinding

23. Samkvæmt mati tryggingastærðfræðings nam áfallin lífeyrisskuldbinding Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 14.851 mkr. í árslok 2014, núvirt miðað við 2% vexti, að teknu tilliti til hlutdeildar í hreinni eign lífeyrissjóðsins.

Lífeyrisskuldbindingin greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding 1.1. 2014	13.111.428
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna á árinu	(1.556.923)
Breyting á lífeyrisskuldbindingu á árinu	3.296.995
Lífeyrisskuldbinding 31.12. 2014	<u>14.851.500</u>
Skammtíahluti lífeyrisskuldbindingar	1.621.000
Langtíahluti lífeyrisskuldbindingar	<u>13.230.500</u>
Lífeyrisskuldbinding 31.12.2014	<u>14.851.500</u>

Áætluð þátttaka í greiðslu lífeyris á árinu 2015 er færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Áætluð þátttaka Aðalsjóðs í greiðslu lífeyris eftir tímabilum:

Til greiðslu árin 2015-2019	3.145.161
Til greiðslu árin 2020-2024	3.015.687
Til greiðslu árin 2025-2029	2.711.032
Til greiðslu árin 2030 og síðar	5.979.620
	<u>14.851.500</u>

Aðalsjóður greiddi á árinu 2007 inn á lífeyrisskuldbindingu sína hjá LSR með verðbréfum vegna sölu Landsvirkjunar. Lífeyrissjóðurinn heldur þessari innborgun aðgreindri frá öðrum eignum lífeyrissjóðsins við útreikning á

24. Fyrir liggur tryggingafræðileg úttekt tryggingastærðfræðings Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) vegna ársins 2012 sem sýnir að mótframlag launagreiðanda þarf að hækka um 4,3 prósentustig til að standa undir lífeyrisskuldbindingum. Í samþykktum LSS segir að iðgjald sjóðfélaga skuli nema 4% af launum en iðgjald (mótframlag) launagreiðanda skal nema 12% en það skal endurskoða árlega í samræmi við niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar. Ef iðgjald launagreiðanda hefði verið hækkað af stjórn LSS í upphafi árs 2013 hefðu útgjöld borgarsjóðs hækkað um 529 mkr á árinu. Tryggingafræðilega athugunin sýnir að miðað við árslok 2012 er skuldbinding A-deildar LSS vantalín um 18,1 milljarð.

Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings

	Heildar- skuldbinding	Til greiðslu 2015
25. Rekstrar- og þjónustusamningar		
Yfirlit:		
Styrkir á vegum borgarráðs	85.640	42.350
Styrkir v. menningarmála,	1.557.883	964.498
Þjónustusamningar við íþrótt- og æskulýðsfélög	2.305.000	1.268.000
Styrkir og þjónustusamningar v. velferðarmála	2.112.487	1.952.500
Styrkir og þjónustusamningar v. skóla- og frístundamála	64.723	29.823
Tónlistar- og ráðstefnuhús, húsnæði	7.568.339	485.374
	<u>13.694.072</u>	<u>4.742.545</u>

Skýringar, frh.

26. Ábyrgðir

Á Aðalsjóði hvíla ábyrgðarskuldbindingar gagnvart þriðja aðila vegna skuldabréfalána sem hér segir:

	Hlutfall ábyrgðar Reykjavíkurb.	Eftirstöðvar 31.12.2014
Faxaflóahafnir sf.	75,56%	839.757
Orkuveita Reykjavíkur	93,54%	159.464.961
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs	57,76%	248.422
Sorpa bs.	57,76%	280.147
Strætó bs.	57,76%	187.305
Félagsbústaðir hf	100,00%	2.742.047
Vegna kirkjubygginga		290.285
		<u>164.052.924</u>

Önnur mál

27. Í apríl 2011 samþykktu sveitarstjórnir eigenda Orkuveitu Reykjavíkur að veita Orkuveitu Reykjavíkur víkjandi lán að fjárhæð 12 milljarðar kr. á grundvelli endurskoðaðrar 5 ára áætlunar og samkomulags eigenda og stjórnenda OR um aðgerðaáætlun OR tímabilið 2011-2016. Á árinu 2011 greiddi Reykjavíkurborg Orkuveitu Reykjavíkur fyrri hluta af sínu lánsfyrirheiti að fjárhæð 7.483 mkr. og seinni hlutinn 3.742 mkr. var inntur af hendi 8. mars 2013.

Aðgerðaáætlunin fólst í því að leysa ófjármagnað 50,5 milljarða "gat" hjá Orkuveitunni með eftirfarandi aðgerðum auk lánveitinga eigenda:

1. Fresta ákveðnum nýfjárfestingum að fjárhæð 2.900 mkr. í fráveitu á Vesturlandi og Kjalarnesi um þrjú ár.
2. Lækka fjárfestingar í veitukerfum að fjárhæð 15.000 mkr.
3. Lækka aðrar fjárfestingar um 1.250 mkr.
4. Hækka gjaldskrár og tengja verðlagsþróun og auka þannig tekjur um 8.013 mkr.
5. Lækka rekstrarkostnað um 5.000 mkr.
6. Selja eignir utan kjarnastarfsemi OR fyrir 10.000 mkr.

Að auki var gert ráð fyrir að gildandi rekstrarlánalínur yrðu eingöngu nýttar til að mæta markaðsáhættu og öðrum ófyrirséðum atburðum.

Aðgerðaráætlun OR hefur gengið eftir.

Önnur mál

28. Tengdir aðilar

Borgarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila, ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Á árinu náðu viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila. Viðskiptin eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila.

Skýringar, frh.

Lykiltölur

29. Yfirlit um lykiltölur:

Í hlutfalli við rekstrartekjur:

	Ársreikningur 2014	Fjárhagsáætlun 2014
Útsvar	61,1%	61,3%
Fasteignaskattar	16,2%	16,5%
Framlög Jöfnunarsjóðs	6,3%	6,4%
Skatttekjur samtals	83,6%	84,2%
Aðrar tekjur	16,4%	15,8%
Rekstrartekjur samtals	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	54,3%	52,7%
Annar rekstrarkostnaður	58,7%	58,8%
Rekstrargjöld samtals	113,0%	111,5%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(13,0%)	(11,5%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4,7%	5,4%
Rekstrarniðurstaða	(8,3%)	(6,1%)
Veltufé frá rekstri	(5,1%)	(4,6%)
Fjárfestingarhreyfingar	6,8%	6,2%

Í þús. kr. á íbúa:

Rekstur:

	Ársreikningur 2014	Fjárhagsáætlun 2014
Skatttekjur	543	540
Framlög Jöfnunarsjóðs	44	45
Aðrar tekjur	115	109
Tekjur samtals	702	694
Laun og launatengd gjöld	(382)	(366)
Annar rekstrarkostnaður	(412)	(408)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	33	37
Rekstrarniðurstaða	(58)	(42)

Efnahagur:

	Ársreikningur 2014	Ársreikningur 2013
Eignir	621	684
Eigið fé	425	486
Skuldir og skuldbindingar	196	198

Sjóðstreymi:

	Ársreikningur 2014	Fjárhagsáætlun 2014
Veltufé frá rekstri	(36)	(32)
Handbært fé frá rekstri	(38)	(44)

Aðrar lykiltölur:

	Ársreikningur 2014	Ársreikningur 2013
Veltufjárhluftall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	1,79	1,73
Eiginfjárhluftall - eigið fé/heildarfjármagn	0,68	0,71

Íbúafjöldi, (heimild: Hagstofa Íslands):

Íbúafjöldi 1. desember 2014	121.814	121.116
-----------------------------------	---------	---------